

Kirkjuþing 2023-2024  
16. mál - þskj. 16a

## T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007,  
með síðari breytingum.  
(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af biskupi Íslands.  
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

### 1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 12. gr. starfsreglnanna:  
Njarðvíkursókn og Ytri-Njarðvíkursókn í Njarðvíkurprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi  
sameinist. Heiti sóknarinnar er Njarðvíkursókn.

### 2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 78/1997,  
öðlast gildi 30. nóvember 2023.

### Greinargerð.

Biskupafundur hefur samþykkt að biskup Íslands flytji ofangreinda tillögu um  
sameiningu sóknanna.

Á síðasta biskupafundi lá fyrir viljayfirlýsing Njarðvíkur- og Ytri Njarðvíkursókna um  
sameiningu sem og samþykkt héraðsfundar Kjalarnessprófastsdæmis. Eftirfarandi var bókað:  
**“Biskupafundur styður sameininguna og vísar málinu til kirkjuþings.”**

Málinu fylgir einnig eftirfarandi umsögn héraðsfundar Kjalarnessprófastsdæmis um  
tillögu um sameiningu Njarðvíkur- og Ytri-Njarðvíkursókna sem var samþykkt samhljóða.

*„Héraðsfundur Kjalarnessprófastsdæmis haldinn í Grindavík, 16. mars, 2023 gerir ekki athugasemdir  
við sameiningu Njarðvíkur og Ytri-Njarðvíkursókna og tekur undir umsögn sameiginlegs fundar  
sóknanna frá 6. febrúar, 2023, einkum þar sem segir að sameiningin muni styrkja sóknina í þeim  
verkefnum sem framundan eru og þegar til framtíðar er horft.“*

Fylgiskjal:

Fundargerð sameiginlegs fundar sóknanna frá 6. febrúar 2023.